

# Vinnuskóli fyrir ungmenni

Niðurstöður könnunar meðal sveitarfélaga

Janúar 2019



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Umboðsmaður barna: [Vinnuskóli fyrir ungmenni. Könnun meðal sveitarfélaga]  
[Janúar 2019]

Útgefandi: Umboðsmaður barna  
Kringlan 1  
150 Reykjavík  
Sími: 5528999  
Netfang: ub@barn.is  
Veffang: barn.is  
ISBN: 978-9935-9007-1-5

© [2019] Umboðsmaður barna



# Efnisyfirlit

|                                                                  |    |
|------------------------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                                  | 4  |
| Samantekt og helstu niðurstöður .....                            | 5  |
| 1. Niðurstöður könnunar um vinnuskóla sveitarfélaga .....        | 6  |
| i. Starfsemi vinnuskólanna .....                                 | 6  |
| ii. Öryggisráðstafanir og slysavarnir .....                      | 10 |
| iii. Fræðsla til ungmenna og forsjáraðila .....                  | 15 |
| iv. Reglur sveitarfélaga um vinnuskólann og kynning á þeim ..... | 17 |
| v. Slys og slysaskráningar .....                                 | 18 |
| vi. Samráð og endurgjöf .....                                    | 19 |
| Heimildaskrá .....                                               | 21 |
| Fylgiskjal 1 .....                                               | 22 |
| Fylgiskjal 2 .....                                               | 24 |

# Inngangur

Hlutverk umboðsmanns barna er að vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá skal umboðsmaður barna einkum hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna, koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnsýsluhafa er varða börn sérstaklega.

Hér á landi er löng hefð fyrir þátttöku barna og ungmenna í vinnu af ýmsum toga, launaðri sem og ólaunaðri, og börn hafa átt mikilvægan þátt í að tryggja virkni tiltekinna atvinnugreina. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 24,8% allra barna á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2017 (þ.e. höfðu staðgreiðsluskyldar tekjur af atvinnu), alls 24,6% allra drengja og 25% stúlkna en um var að ræða 3,2% aukningu frá árinu 2015. Til samanburðar má geta þess að árinu 2007 var hlutfall íslenskra barna á vinnumarkaði nokkuð hærra eða 30%<sup>1</sup>. Ýmsar samfélagslegar breytingar, eins og lenging skólaársins hafa dregið úr þátttöku íslenskra ungmenna á vinnumarkaði en enn eru þó hlutfallslega mun fleiri íslensk ungmenni á vinnumarkaði en í þeim löndum sem við berum okkur saman við.<sup>2</sup>

Með lögfestingu Barnasáttmálans hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að framfylgja ákvæðum sáttmálans í lögum og framkvæmd á öllum sviðum en sáttmálinn skilgreinir börn sem sjálfstæða einstaklinga með eigin réttindi. Barnasáttmálinn leggur ekki bann við vinnu barna en staðfestir hins vegar rétt þeirra til verndar gegn vinnu sem kemur niður á námi þeirra eða getur skaðað heilsu þeirra eða líkamlegan, andlegan og félagslegan þroska. Áhersla Barnasáttmálans á stigvaxandi rétt barna til að hafa áhrif á ákvarðanir um eigið líf þýðir að styðja þarf við ungmenni sem hafa metnað og getu til þátttöku á vinnumarkaði og tryggja að það hafi ekki neikvæð áhrif á heilsu þeirra eða þroska eða komi í veg fyrir að þau stundi nám eða taki þátt í tómstundastarfi.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur gert athugasemdir við að börn á Íslandi byrji að vinna of ung og þá telur nefndin jafnframt að vinnutími ungmenna á Íslandi sé of langur, fyrirkomulag vinnunnar sé oft á tíðum óheppilegt og þá sé há tíðni vinnuslysa og áreitni afleiðing þess að börn séu að axla meiri ábyrgð en hæfir aldri þeirra og þroska.

Með þátttöku sinni á vinnumarkaði efla ungmenni sjálfstæði sitt og getu til að hafa áhrif á eigið líf og eigin aðstæður. Þá er þátttaka á vinnumarkaði liður í undirbúningi fyrir starfs- og námsval framtíðarinnar og gefur ungmennum tækifæri til að auka hæfni sína á fjölbreyttum sviðum.

---

<sup>1</sup> <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/born/hagskyrslur-um-born/> (sótt 23. janúar 2019)

<sup>2</sup> [https://ec.europa.eu/eurostat/tgm/table.do?tab=table&init=1&language=en&pcode=tepsr\\_wc110&plugin=1](https://ec.europa.eu/eurostat/tgm/table.do?tab=table&init=1&language=en&pcode=tepsr_wc110&plugin=1) (sótt 23. janúar 2019)

## Samantekt og helstu niðurstöður

Embætti umboðsmanns barna hefur á undanförunum árum fengið fyrirspurnir varðandi ýmsa þætti í starfi vinnuskóla sveitarfélaga. Snúa fyrirspurnirnar m.a. að skyldu sveitarfélaga til að útvega ungmennum í vinnuskólanum hlífðarfatnað, viðmið um tímakaup og skilgreiningu á starfsemi vinnuskólanna sem frístundastarf eða þátttaka á vinnumarkaði. Við eftirgrennslan kom í ljós að engar heildstæðar upplýsingar liggja fyrir um þessa starfsemi og því ákvað umboðsmaður barna að senda öllum sveitarfélögum landsins rafræna könnun um ýmsa þætti er varða skipulagningu og framkvæmd starfs vinnuskóla. Alls voru spurningarnar 26 talsins en í þessari skýrslu eru teknar saman helstu niðurstöður og svör.

Með bréfi, dags. 28. júní 2018, sendi umboðsmaður barna beiðni til allra sveitarfélaga landsins um þátttöku í rafrænni könnun um vinnuskólann en starfsfólk embættisins sá um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. Upprunalegur skilafrestur var til 15. ágúst 2018 en var framlengdur í samræmi við áherslu embættisins á að fá sem besta yfirsýn yfir stöðu mála og í lok september mánaðar höfðu svör borist frá öllum sveitarfélögum. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á fundi sem haldinn var þann 8. nóvember 2018 í samvinnu við Vinnueftirlit ríkisins og Hagstofu Íslands þar sem sjónum var beint að atvinnuþátttöku barna.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að meirihluta ungmenna á aldrinum 13-15 ára stendur til boða starf í vinnuskóla sveitarfélaga eða um 95%. Í ljós kom að talsverður munur er á þeim launum sem ungmennum eru greidd fyrir starf í vinnuskólanum og veita fæst sveitarfélögin ungmennum endurgjöf að starfi loknu þrátt fyrir að megintilgangur vinnuskólans sé að veita þeim undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði.

Að mati umboðsmanns barna er fullt tilefni til að skerpa frekar á regluverki því sem tekur til starfs vinnuskólanna og samræma skipulagið og starfsemina frekar milli sveitarfélaga. Þó svo að vinnuskólinn sé ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga er brýnt að öllum ungmennum standi til boða þátttaka, óháð einstaklingsbundnum þáttum, eða mögulegri stuðningsþörf. Þá er er nauðsynlegt að virkt samráð við ungmenni eigi sér stað, um væntingar þeirra til fyrsta starfsins og reynslu þeirra af þátttöku í vinnuskólanum. Einnig er afar brýnt að sveitarfélögin uppfylli lagalegar skyldur sínar um framkvæmd áhættumats, skráningu og tilkynningu slysa og einnig þarf að taka til skoðunar tryggingavernd ungmenna í vinnuskólanum.

Ljóst er að efla þarf fræðslu til flokksstjóra og annarra ábyrga aðila fyrir vinnuskólanum á hverjum stað um lög og reglur sem taka til vinnu barna og ungmenna, öryggisráðstafanir og mikilvægi fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og samskipti á vinnustöðum. Það er meðal þeirra tillagna til úrbóta sem svarendur könnunarinnar lögðu til. Ljóst er að staða sveitarfélaganna sem starfrækja vinnuskóla er afar misjöfn ekki síst þegar bornir eru saman þættir á við fjárhagsstöðu og íbúasamsetningu. Því er nauðsynlegt að bæta leiðbeiningar til sveitafélaga um hlutverk, skipulagningu og framkvæmd vinnuskólans og leita þarf frekari leiða til samstarfs og samræmingar á þessu sviði. Embætti umboðsmanns barna hyggst fylgja þessari skýrslu eftir með áframhaldandi samtali við sveitarfélög landsins og aðra þar til bæra aðila um þau tækifæri sem felast í vinnuskólanum til fræðslu og eflingar

ungmenna. Þá hyggst embættið jafnframt framkvæma könnun meðal ungmenna sem tekið hafa þátt í starfi vinnuskólanna.


Loks vill umboðsmaður barna vill færa sérstakar þakkir til sveitarfélaga landsins fyrir þátttökuna og til starfsfólks sveitarfélaga sem veittu verkefninu liðsinni sitt með því að svara könnuninni.

## 1. Niðurstöður könnunar um vinnuskóla sveitarfélaga

### i. Starfsemi vinnuskólanna


**4.gr. reglugerðar um vinnu barna og unglinga, nr. 426/1999.** Við öll störf ungmenna undir 18 ára aldri skal við val og skipulagningu á vinnu leggja áherslu á að öryggi og andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hættu búin og að vinna hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra eða þroska.

Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að 59 sveitarfélög starfrækja vinnuskóla fyrir ungmenni en samanlagður íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga er um 98,9% af heildarfjölda íbúa á landinu. Dæmi eru um að sveitarfélög starfræki ekki vinnuskóla af þeirri einföldu ástæðu að ekki eru ungmenni meðal íbúa sveitarfélagsins.



**1. mgr. 26. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglinga.** Heimilt er ráða ungmenni 13 ára eða eldri til léttra starfa á sumarleyfistíma skóla þegar vinnan er hluti af fræðilegu og verklegu námi.

Eins og meðfylgjandi skýringarmynd ber með sér bjóða flest sveitarfélög nemendum sem eru að ljúka áttunda, níunda og tíunda bekk grunnskóla starf í vinnuskólanum. Einstaka sveitarfélög bjóða tveimur árgöngum upp á starf í vinnuskólanum og þá eru 27 sveitarfélög sem bjóða nemendum sem eru að ljúka námi í sjöunda bekk starf.



### Starfstími ungmenna í vinnuskólanum.

**15. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglunga.** Með vinnutíma í reglugerð þessari er átt við virkan vinnutíma, þ.e. þann tíma er ungmenni er við störf, eða er atvinnurekanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við lög og/eða kjarasamninga.

Neysluhlé og sérstakir frídagar teljast ekki til vinnutíma. Sama gildir um ferðir til og frá vinnustað eða reglubundinni starfstöð og launaða biðtíma eða vinnuhlé þar sem ekki er krafist vinnuframlags.

Svörin bera með sér að hámarksfjöldi vinnuvikna ungmenna í starfi í vinnuskólanum tekur mið af aldri þeirra. Í einhverjum tilvikum bjóða sveitarfélög upp á lengri starfstíma og þá jafnvel fyrir alla árganga vinnuskólans en það á fyrst og fremst við um minni sveitarfélög þar sem íbúafjöldi er undir fimm þúsund manns.

Fram kom í veittum svörum sveitarfélaga að daglegur vinnutími ungmenna í vinnuskólanum er á bilinu þrjár til sjö klukkustundir.

**16. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglunga.** Vinnutími unglunga má ekki fara yfir 8 klst. á dag og 40 klst. á viku, enda sé gætt ákvæða 19., 21. og 22. gr. um vinnutíma, hvíldartíma og frítíma. Þetta gildir aðeins þegar brýna nauðsyn ber til vegna eðlis starfseminnar, svo sem ef bjarga þarf verðmætum í landbúnaði og fiskvinnslu.

Unglingar mega þó aldrei vinna lengur en 60 stundir á viku og 48 stundir á viku að meðaltali yfir 4 mánuði.

## Tímakaup ungmenna í vinnuskólanum

Vinnuskólar eru undanþegnir gildisviði kjarasamninga og fer því um laun og önnur kjör ungmenna í vinnuskólum sveitarfélaga eftir ákvörðun sveitastjórnar. Könnunin leiddi í ljós að stærstu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu greiða almennt lægri laun fyrir starf í vinnuskólanum en fámennari sveitarfélög. Þá hafa einstök sveitarfélög ákvarðað laun fyrir starf í vinnuskóla sem ákveðið hlutfall af lágmarkslaunum en almennt fara laun í vinnuskólanum hækkandi eftir aldri. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar var tímakaup þátttakenda í vinnuskólanum sem höfðu lokið sjöunda bekk á bilinu 439 til 1.484 kr., meðal þátttakenda sem höfðu lokið áttunda bekk var tímakaup á bilinu 498 – 1.484 kr., og loks var tímakaup þátttakenda sem höfðu lokið 9. bekk frá 593 – 1.484 kr.

## Skilgreining á starfsemi vinnuskólans

Af svörum má ráða að sveitarfélög skilgreina starfsemi vinnuskólans með mismunandi hætti en meirihluti svarenda skilgreina starf ungmenna í vinnuskólanum sem þátttöku á vinnumarkaði frekar en frístundastarf.



Flest sveitarfélög bjóða upp á sértæk úrræði fyrir börn með sjúkdóma, fötlun eða ofnæmi. Fötluðum ungmennum býðst oft þátttaka í frístundastarfi og eru fundin verkefni við hæfi eða úthlutaður stuðningsaðili. Ef ungmenni eru með ofnæmi standa þeim önnur verkefni til boða eins og t.d. vinna í leikskólum, á leikjanámskeiðum eða hjá íþróttafélögum. Af svörum má ráða að flest sveitarfélög bjóða upp á sértæk og einstaklingsbundin úrræði fyrir ungmenni sem taka mið af forsendum þeirra og aðstæðum. Fjögur sveitarfélög greindu þó frá því að ekki hafi reynt á það í þeirra vinnuskólum og þá benti eitt sveitarfélag á að þátttaka ungmenna með ýmsar sérþarfir sé háð því að starfsfólk fái til að veita viðkomandi stuðning.




## Sértæk úrræði



## Veikindi


Um veikindi ungmenna í vinnuskóla sveitarfélaga gilda almenn ákvæði laga, nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Af meðfylgjandi skýringarmynd er ljóst að meirihluti sveitarfélaga lítur svo á að ungmenni í vinnuskólanum njóti ekki veikindaréttar.



## ii. Öryggisráðstafanir og slysavarnir

### Tryggingar

Engar reglur gilda um tryggingar barna og ungmenna í vinnuskólanum og eru dæmi um að sveitarfélög taki út svokallaðar nemendatryggingar, sveitarstjórnartryggingar eða hefðbundna launþegatryggingu.<sup>3</sup> Eins og meðfylgjandi skýringarmynd ber með sér er mikill meirihluti sveitarfélaga sem tryggir þátttakendur vinnuskólans gegn tjóni sem þeir kunna að verða fyrir í starfinu.



### Framkvæmd áhættumats í vinnuskólanum

**E-liður 63. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.** Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði ungmenna með gerð mats á áhættu sem starf getur skapað þeim. Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum. Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna þeim að kostnaðarlausu. Heimilt er ráða ungmenni 13 ára eða eldri til léttra starfa á sumarleyfistíma skóla þegar vinnan er hluti af fræðilegu og verklegu námi.

**5. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglinga.** Atvinnurekandi skal sjá um að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði 4. gr. á grundvelli mats á þeirri áhættu sem starf getur skapað ungmennum.

<sup>3</sup> <http://www.samband.is/media/utgefid-efni-og-eydublod/vinnuskolar-sveitarfelaga-30-04-2013-1.pdf>


Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum en við það skulu eftirfarandi atriði einkum skoðuð:

- a) innréttingar og búnaður vinnustaðar og verkstöðvar,
- b) eðli og umfang eðlis-, efna- og líffræðilegra skaðvalda og hve langvarandi þeir eru;
- c) lögun, stærð og notkun búnaðar sem tengist starfinu, má þar nefna skaðvalda ýmis konar; vélar, tæki og áhöld og hvernig þau eru meðhöndluð;
- d) skipulag vinnuferla, vinnutilhögunar og vinnuskipulags og samspilið milli þeirra;
- e) hvernig ungmenni eru þjálfuð og búin undir starfið.

Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmenna þeim að kostnaðarlausu. Við mat á áhættu skal sérstaklega taka tillit til hættunnar sem stafar af ungum aldri, skorts á reynslu og meðvitund um hættur starfsins ásamt því að ungmenni eru ekki fullþroska. Við mat á varúðarráðstöfunum skal jafnframt taka tillit til líkamlegra, lífrænna, efnafræðilegra og og sálrænna áhrifa sem ungmenni geta orðið fyrir til lengri eða skemmri tíma vegna vinnunnar.

Atvinnurekenda er heimilt að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um öryggi vinnustaðarins.

Eins og meðfylgjandi skýringarmynd ber með sér hefur meirihluti sveitarfélaga ekki látið fara fram áhættumat á starfi vinnuskólans.



## Fræðsla til leiðbeinanda/flokksstjóra í vinnuskólanum um öryggismál, slysavarnir og skyndihjálp.

**5. mgr. reglugerðar um vinnu barna og unglunga.** Leiðbeinendur í vinnuskólum sveitarfélaga skulu hafa fengið sérstakan undirbúning og fræðslu um hlutverk sitt varðandi atriði eins og öryggismál, skyndihjálp og líkamsbeitingu.

Samkvæmt svörum við könnuninni býður mikill meirihluti sveitarfélaga upp á fræðslu til leiðbeinanda í vinnuskólum um öryggismál og og þá fá flestir jafnframt kennslu í skyndihjálp. Sveitarfélögin eru þó með mismunandi áherslur á þessu sviði og má sem dæmi nefna að Reykjanesbær og Mosfellsbær greindu frá því að leiðbeinendur hafi fengið fræðslu um líkamsbeitingu. Nokkur sveitarfélög tóku fram að engin fræðsla væri í boði fyrir varðandi starfsfólk vinnuskóla en til greina kæmi að bjóða upp á slíkt.

## Hlífðar- og öryggisbúnaður.

**6. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 426/1991 um vinnu barna og unglunga.** Þess skal vandlega gætt að nákvæmlega séð farið eftir fyrirmælum um notkun hlífa til öryggis og verndar.

Af framkomnum svörum um öryggisbúnað ungmenna í vinnuskólanum má ráða að fyrirkomulagið er afar ólíkt og skilningur sveitarfélaga á þörfum ungmenna vinnuskólans fyrir hlífðar- og öryggisbúnað er afar misjafn. Ýmis sveitarfélög sjá ungmennum fyrir öryggisskófátnaði, sýnileikafátnaði, heyrnarhlífum, öryggisgleraugum og vettlingum, ef verkefni er þess eðlis að þörf er á slíkum búnaði, önnur sveitarfélög telja ekki þörf á slíkum fatnaði og í einhverjum tilvikum telja þau að ungmennin sjálf eigi nauðsynlegan búnað.

### Viðauki 4. við reglugerð um vinnu barna og unglunga.

Listi yfir störf af léttara tagi sem 13 og 14 ára og eldri mega vinna

1. Létt fóðrun, hirðing og gæsla dýra.
2. Hreinsun illgresis, gróðursetning, hreinsun gróðurbeða, gróðurvinna, rakstur eftir slátt og önnur sambærileg létt garðavinna.
3. Vinna í skólagörðum undir umsjón kennara.
4. Létt uppskerustörf án véla.
5. Vinna við blóm og grænmeti t.d. í gróðurhúsum.
6. Hreinsa, sópa og tína rusl.
7. Létt fiskvinnslustörf, t.d. létt röðun eða flokkun án véla.

8. Létt störf í sérvslunum og stórmörkuðum, m.a. að verðmerkja vörur. Undanskilin er vinna við greiðslukassa.
9. Móttaka á léttum vörum, pökkun, flokkun og röðun. Létt handavinna svo sem innpökkun á léttum vörum og fægja eða pússa.
10. Minni háttar hreingerningar og leggja á borð. Flokkun og merking þvottar.
11. Létt handavinna við samsetningu, þó ekki lóðning, suða og vinna með hættuleg efni.
12. Málningarvinna og fúavörn með umhverfsvænum efnum þó ekki sprautumálun.
13. Létt sendisveinastörf, t.d. með dagblöð og auglýsingar. Sala dagblaða, blað- og póstburður.
14. Létt skrifstofustörf.


### Verkefni í vinnuskólanum

Samkvæmt framkomnum svörum eru helstu verkefni ungmenna í vinnuskólanum almenn umhirða opinna svæða og mannvirkja sveitarfélaga, sem felst m.a. í grasslætti, illgresishreinsun og öðrum garðyrkjustörfum. Þá sinna ungmenni í vinnuskólanum einnig málningarvinnu, sorptínslu og hreinsun gangstétta. Framkomin svör gefa til kynna að verkefni séu afar fjölbreytt og í einhverjum tilvikum unnin í samstarfi við aðrar stofnanir og félög í viðkomandi sveitarfélagi. Þá geta ungmenni í ákveðnum tilvikum valið milli slíkra verkefna og hefðbundinna verkefna í vinnuskólanum eða jafnvel fengið að spreyta sig á hvoru tveggja. Önnur verkefni sem um ræðir geta verið þátttaka í undirbúningi og framkvæmd viðburða eða aðstoð á dvalarheimilum og leikskólum við einfaldari verkefni. Þá hafa ýmis sveitarfélög boðið háskólanemum vinnu og einhver sveitarfélög bjóða styrki til efnilegra ungmenna til að sinna íþróttum eða listnámi yfir sumartímann. Þá fá ungmenni í einhverjum tilvikum tækifæri til starfsnáms sem vinnuskólinn greiðir fyrir, en um getur verið að ræða leikjanámskeið fyrir yngri börn eða þjálfun yngri iðkenda hjá íþróttafélögum.

56 sveitarfélög svöruðu spurningu um verkefni ungmenna í vinnuskólanum og af þeim eru 19 sveitarfélög sem bjóða ungmennum upp á önnur verkefni og er því ljóst að víða hafa ungmenni val um verkefni og geta mögulega unnið að eigin áhugamálum og styrkt hæfni sína á ýmsum sviðum.

## Verkefni í vinnuskólanum sem sveitarfélag þiggur greiðslu fyrir

Eins og meðfylgjandi skýringarmynd sýnir greindu 20 sveitarfélög frá því að ungmenni í vinnuskólanum sinni verkefnum fyrir aðra aðila en sveitarfélag og sem sveitarfélagið fær síðan greitt fyrir.




Umrædd verkefni eru þá unnin í þágu einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja eins og meðfylgjandi skýringarmynd sýnir.



### iii. Fræðsla til ungmenna og forsjáraðila

**4. mgr. 26. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglinga:** Atvinnurekandi skal við ráðningu barna sem eru undir 15 ára aldri eða þeirra sem eru í skyldunámi, kynna foreldrum eða lögráðamanni ráðningarkjör þar með talið lengd vinnutíma sem og tíðni óhappa og slysa, sem hugsanlega tengjast starfinu, og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að auka öryggi og heilbrigði barna við störf, svo og áhættu mat skv. 5. og 6. gr.


#### Fræðsla til ungmenna í vinnuskólanum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.



Í svörum þeirra sveitarfélaga sem bjóða ungmennum í vinnuskólanum upp á fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði kemur fram að ungmenni fái fræðslu um ýmis atriði sem snúa að réttindum þeirra á vinnumarkaði. Er sú fræðsla ýmist í höndum flokksstjóra, stéttarfélaga eða annarra aðila og þar eru ungmenni frædd um launakjör, orlof, launaseðla og staðgreiðslu skatta. Þá greindi eitt sveitarfélag frá því að í upphafi vinnuskólans á hverju ári fá ungmennin og foreldrar þeirra bréf með upplýsingum um vinnutíma, launakjör og önnur réttindi ungmenna í vinnuskólanum.

**1. mgr. 6. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglinga:** Atvinnurekandi skal við ráðningu barna sem eru undir 15 ára aldri eða þeirra sem eru í skyldunámi, kynna foreldrum eða lögráðamanni ráðningarkjör þar með talið lengd vinnutíma sem og tíðni óhappa og slysa, sem hugsanlega tengjast starfinu, og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að auka öryggi og heilbrigði barna við störf, svo og áhættumat skv. 5. og 6. gr.

## Fræðsla til ungmenna í vinnuskólanum um hollustuhætti og öryggi á vinnustað




**Leiðbeinandi viðmiðunarreglur um vinnuskóla sveitarfélaga.** Nemendum verði boðin fræðsla þar sem fram komi markmið og áherslur í starfsemi vinnuskólans. Einnig verði nemendum kynnt öryggismál, skyndihjálpar og líkamsbeiting. Áhersla verði lögð á að byggja upp virðingu hjá nemendum og leiðbeinendum vinnuskólans fyrir mikilvægi og verðmæti starfa þeirra. Þar verði veitt margs konar fræðsla í samvinnu við ýmsa aðila svo sem stéttarfélag, vinnueftirlit, íþróttafélög, stofnanir eða forvarnarfræðsla svo dæmi sé tekið. Eðlilegt er að námsefni vinnuskólans, samstandi af þessum þrem þáttum: Fræðsla, tómstundir og vinna.

## Fræðsla um hollustuhætti og öryggi á vinnustað eins og t.d. meðferð tækja og verkfæra

Flest sveitarfélög greina frá því að fræðslan felist í því að farið sé yfir tiltekin atriði í upphafi vinnuskólans á hverju ári, en sú fræðsla er yfirleitt í höndum flokksstjóra. Þá á rétta svarendur jafnframt að farið sé yfir öryggisatriði jafnóðum og tilefni er til og þá greindi Akraneskaupstaður frá því að iðju- eða sjúkráþjálfari hafi verið fenginn til að fræða ungmenni um tiltekin atriði líkamsbeitingar.




### Fræðsla til ungmenna um eðlilega og jákvæða samskiptahætti á vinnustöðum.



Flest sveitarfélög bjóða upp á fræðslu í vinnuskólanum um eðlilega og jákvæða samskiptahætti á vinnustöðum. Flokksstjórar sjá iðulega um þá fræðslu en einnig eru dæmi um að boðið sé upp á jafningjafræðslu. Ísafjarðarbær greindi frá því að utaðakomandi sérfræðingar haldi fyrirlestra um ýmis atriði eins og t.d. forvarnir, samskipti eða sjálfstyrkingu og hjá Akureyrarkaupstað er fræðslan í höndum forvarna- og félagsmálaráðgjafa félagsmiðstöðva.

#### iv. Reglur sveitarfélaga um vinnuskólann og kynning á þeim


##### Reglur um starfsemi vinnuskólans.



Eins og sjá má af meðfylgjandi skýringartöflu hafa flest sveitarfélög sett sér reglur um starfsemi vinnuskólans og eru þær reglur aðgengilegar á netinu í flestum tilvikum. Þá tók eitt sveitarfélag fram að ekki hefðu verið settar sérstakar reglur um vinnuskólann heldur eigi sömu reglur við um vinnuskólann og aðra skóla sveitarfélagsins. Nokkur sveitarfélög greindu frá því að reglurnar séu sendar ungmennum og forsjáraðilum þeirra sem þurfa þá að staðfesta að þau hafi lesið og kynnt sér umræddar reglur.

## v. Slys og slysaskráningar

Meðfylgjandi skýringarmynd sýnir fjölda sveitarfélaga sem greindu frá því hvort slys hafi orðið á ungmennum í vinnuskólanum síðustu fimm ár.



### **1. mgr. 78. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.**

Atvinnurekandi skal skrá öll slys sem eiga sér stað á vinnustaðnum og leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Hið sama gildir um þá sjúkdóma sem atvinnurekandi hefur rökstuddan grun eða vitneskju um að eigi rætur sínar að rekja til starfsins eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum. Einnig skal atvinnurekandi skrá óhöpp sem eiga sér stað á vinnustaðnum og eru til þess fallin að valda slysum.

### **1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.**

Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

### **2. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.**

Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið til Vinnueftirlits ríkisins.

## Tilkynning og skráning slysa.


Flest sveitarfélög tilkynna um slys til Vinnueftirlitsins en skráning og meðferð slíkra mála að öðru leyti er afar misjöfn. Þá kom fram að í einhverjum tilvikum eru slys eingöngu skráð hjá sveitarfélaginu og í einhverjum tilvikum er lögreglu tilkynnt um slík atvik eða eftir atvikum heilbrigðiseftirliti eða viðkomandi tryggingafélagi.

## Uppbyggilegt, hvetjandi og gefandi starfsumhverfi.


Ljóst er að sveitarfélögin leita fjölbreyttra leiða til að búa ungmennum í vinnuskólanum jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi. Í framkomnum svörum sveitarfélaga er greint frá því að reynt sé að velja flokksstjóra með það í huga að skapa uppbyggilegt starfsumhverfi. Fram kom jafnframt að sveitarfélög leggja áherslu á rétt vinnubrögð, aga, hvatningu og jákvæðni. Þá er gripið til ýmissa ráðstafana til að umbuna ungmennum fyrir unnin störf og til að gera starfið í vinnuskólanum lifandi og skemmtilegt. Þá líta sum sveitarfélög á fjölbreytt verkefni og fræðslu til ungmenna sem lið í því að skapa gott starfsumhverfi. Hafnarfjarðarbær greindi frá því að liður í því að tryggja jákvætt starfsumhverfi í vinnuskólanum sé að fræða flokksstjóra um gildi jákvæðra samskipta og með setningu reglna sem tryggja ýmis lágmarksviðmið um starfsemina. Þá greindi Reykjavíkurborg frá því að ungmennum vinnuskólans sé boðið upp á hópefli og aðstoð við markmiðasetningu.

## vi. Samráð og endurgjöf


Meðfylgjandi skýringarmynd sýnir þann fjölda sveitarfélaga sem leitar samráðs við ungmenni um starfsemi og starfsumhverfi vinnuskólans. Ljóst er að lítið er um samráð við ungmenni um skipulagningu og framkvæmd starfs vinnuskólans, þó svo að eitthvað sé um óformlegt samráð sem leiðir jafnvel til ýmissa ábendinga og breytinga.



Meðfylgjandi skýringarmynd sýnir þann fjölda sveitarfélaga sem leggja könnun fyrir þátttakendur vinnuskólans að vinnutímabilinu loknu. Ljóst er að hér eru vannýtt tækifæri í því að leita eftir og fá fram sjónarmið og reynslu þátttakenda fyrir stefnumótun um þróun vinnuskólans.



Meðfylgjandi skýringarmynd sýnir að eingöngu sex sveitarfélög gefa þátttakendum vinnuskólans umsögn eða aðra formlega endurgjöf og því ljóst að hér er mikið svigrúm til umbóta.



### Aðrar athugasemdir sveitarfélaga.

Nokkur sveitarfélög áréttuðu mikilvægi umbununar í starfsemi vinnuskólans. Þá greindu nokkur sveitarfélög frá því að vinnuskólinn sé í þróun og að verið sé að leita samstarfs við ýmsa aðila til að tryggja að allir fái verkefni við hæfi. Einnig kom fram ábending um vilja sveitarfélaga til að efla fræðslu fyrir flokksstjóra en að samræma þyrfti fræðsluna þar sem erfitt gæti reynst fyrir minni sveitarfélög að standa að slíku.

# Heimildaskrá

Hagstofa Íslands (2018). Staða barna á Íslandi. Sótt á vef Hagstofunnar:

<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/born/hagskyrslur-um-born/>

Eurostat (2018). Tölur um atvinnuþátttöku eftir aldri. Sótt á vefsíðu Eurostat:

[https://ec.europa.eu/eurostat/tgm/table.do?tab=table&init=1&language=en&pcode=tepsr\\_wc110&plugin=1](https://ec.europa.eu/eurostat/tgm/table.do?tab=table&init=1&language=en&pcode=tepsr_wc110&plugin=1)

Samband Íslenskra sveitarfélaga (2012). Vinnuskólar sveitarfélaga leiðbeinandi viðmiðunarreglur.

Sótt á vefsíðu sambandsins: <http://www.samband.is/media/utgefid-efni-og-eydublod/vinnuskolar-sveitarfelaga-30-04-2013-1.pdf>

# Fylgiskjal 1

## Spurningalisti rafrænnar könnunar til sveitarfélaga

### *Vinnuskóli sveitarfélaga*

- Stendur ungmennum í efstu bekkjum grunnskóla til boða starf í vinnuskóla hjá sveitarfélaginu í ár?

### *Starfsemi*

- Hvaða árgöngum stendur til boða starf í vinnuskólanum?
- Hversu margar vikur standa ungmennum til boða starf í vinnuskólanum?
- Hver er vinnutími ungmenna vinnuskólans á dag?
- Hvert er tímakaup ungmenna í vinnuskólanum?

### *Frístund og úrræði*

- Hvernig er starfsemi vinnuskólans í sveitarfélaginu skilgreint?
- Býður sveitarfélagið upp á úrræði og lausnir í vinnuskólanum fyrir ungmenni með t.d. ofnæmi, sjúkdóma eða fötlun?
  - Ef já, hvernig úrræði er það sem um ræðir?
- Vinna ungmenni í vinnuskóla sveitarfélagsins sér inn veikindarétt?

### *Öryggismál og slysavarnir*

- Tryggir sveitarfélagið ungmenni í vinnuskólanum fyrir tjóni vegna t.d. Vinnuslysa?
- Hefur farið áhættumat á vinnu í vinnuskólanum?
- Hvernig er fræðslu háttað til leiðbeinenda í vinnuskóla sveitarfélagsins um öryggismál, slysavarnir og skyndihjálp?
- Er ungmennum í vinnuskólanum séð fyrir hlífðar- og öryggisbúnaði?

### *Verkefni ungmenna*

- Í hverju felast verkefni ungmenna í vinnuskólanum?
- Eru dæmi um um að ungmenni í vinnuskólanum sinni verkefnum sem sveitarfélagið fær greitt fyrir?

### *Fræðsla til ungmenna*

- Er ungmennum í vinnuskólanum boðið upp á fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði?
  - Ef já, hvernig er þeirri fræðslu háttað?

- Er ungmennum í vinnuskólanum boðið upp á fræðslu um hollustuhætti og öryggi á vinnustað eins og t.d. um meðferð tækja og verkfæra?
  - Ef já, hvernig er þeirri fræðslu háttað?
- Er ungmennum í vinnuskólanum boðið upp á fræðslu um eðlilega og jákvæða samskiptahætti á vinnustöðum?
  - Ef já, hvernig er þeirri fræðslu háttað?

#### *Reglur*

- Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um starfsemi vinnuskólans?
  - Ef já, hvernig er staðið að kynningu þeirra reglna fyrir ungmennum í vinnuskólanum og forsjáraðilum þeirra og hafa þær verið gerðar aðgengilegar á t.d. netinu?

#### *Slys og slysaskráning*

- Eru dæmi um slys á ungmennum í vinnuskólanum?
- Hvernig stendur sveitarfélagið að tilkynningu og skráningu slysa í vinnuskólanum?
- Óskað er eftir upplýsingum um fjölda slysa á síðustu fimm árum.

#### *Starfsemi og umhverfi*

- Hvernig tryggir sveitarfélagið uppbyggilegt, hvetjandi og gefandi starfsumhverfi í vinnuskólanum?
- Er leitað samráðs hjá ungmennum í sveitarfélaginu varðandi starfsemi og starfsumhverfi vinnuskólans?
  - Ef já, hvernig er því samráði háttað?

#### *Að lokum*

- Er lögð fram könnun á starfseminni fyrir ungmenni í lok vinnuskólans?
- Fá ungmenni í vinnuskólanum umsögn um störf sín í vinnuskólanum í lok sumars eða aðra endurgjöf?
- Er eitthvað sem sveitarfélagið óskar eftir að koma á framfæri varðandi vinnuskólann?

## Fylgiskjal 2



Til þeirra sem málið varðar

Reykjavík 28. júní 2018

### **Efni: Upplýsingar um vinnuskóla sveitarfélaga fyrir ungmenni í efstu bekkjum grunnskóla – rafrænn spurningarlisti**

Umboðsmaður barna hefur ákveðið að taka til skoðunar starfsumhverfi vinnuskóla sveitarfélaganna. Engar heildstæðar upplýsingar liggja fyrir um þessa starfsemi en embættinu hafa borist nokkrar ábendingar varðandi ýmsa þætti í starfinu sem mikilvægt er að fá svör við.

Hér fyrir neðan er hlekkur á rafræna könnun sem send er öllum sveitarfélögum í landinu. Óskar umboðsmaður eftir því að sá sem ábyrgur er fyrir vinnuskólanum eða vinnu barna í efstu bekkjum grunnskóla í sveitarfélaginu svari könnuninni. Áréttað er að samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, ber stjórnvöldum að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Könnunin er skipt niður í 10 hluta sem taka til ýmissa þátta sem varða vinnu barna og ungmenna svo sem um skipulag, öryggisbúnað, slyskráningu, fræðslu til ungmenna, verkefni vinnuskólans og reglna sem sveitarfélagið hefur sett sér.

Til að hefja könnun smellið á: <https://goo.gl/forms/ntuY7qxMI3QKUnæ2>.

*Ef ekki tekst að opna tengilinn er hægt að prófa að afrita slóðina og líma í þann vafra sem notaður er (copy/paste).*

**Óskað er eftir að svar berist umboðsmanni barna fyrir miðvikudaginn 15. ágúst n.k.**

Í könnuninni er m.a. óskað eftir upplýsingum um fjölda slysa á ungmennum í vinnuskólanum ef einhver eru sl. fimm ár. Þær upplýsingar er einnig hægt að senda á netfangið [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is).

Tekið er á móti almennum fyrirspurnum varðandi efni þessarar könnunar í gegnum tölvupóstinn [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is) eða í síma 552-8999.

Með kærri kveðju,

Salvör Nordal  
Umboðsmaður barna